

# ÁRSFUNDUR ÍSLANDSSTOFU

28. apríl 2014 kl. 11.00

Grand Hotel

Ávarp utanríkisráðherra

Gunnars Braga Sveinssonar

Kæru félagar,

## [Inngangur]

Það er mér ánægjuefni að ávarpa ársfund Íslandsstofu í fyrsta sinn sem utanríkisráðherra.

Það hefur ekki farið framhjá neinum að með nýrri ríkisstjórn í landinu fylgdi ný stefna. Það er tónn sóknar í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þegar kemur að alþjóðdæðskiptum. Við viljum beita okkur fyrir opnun nýrra markaða og styrkingu á stöðu okkar á þeim sem fyrir eru.

Í þessu samhengi kemur til samspils stjórnvalda og atvinnulífs sem í sameiningu búa yfir því markaðstæki sem Íslandsstofa er til þess að plægja akurinn.

## [Sókn er besta vörnin – nýr raunveruleiki]

Umfang ferðaþjónustunar hefur vaxið gríðarlega sl ár og hefur farið í það að verða sú atvinnugrein sem skapar mestan gjaldeyri og enn eru líkur á vexti

Segja má að nú sé svo komið að umræðan um ferðapjónustuna er orðin að lúxusumræðu sem hefur allt í einu umhverfst úr því að sækja fram til að fjölga ferðamönnum yfir í hvernig gæðin þjónustunnar verði best tryggð og hvernig bregðast þurfi við þessum mikla fjölda.

Hvernig hugum við best að landinu, náttúrunni, umhverfinu, auðlindum ferðapjónustunnar?

Sú umræða sem nú á sér stað um stöðu ferðapjónustunnar og umhverfisins er afar mikilvæg. Það er ekki síður mikilvægt að hér gangi allir í takt skref fyrir skref. Það er engum greiði gerður með þeirri stöðu sem nú er uppi við sumar af okkar helstu náttúruperlum.

Við göngum út frá því að ferðapjónustan haldi áfram að styrkjast og að við þurfum m.a. að búa okkur frekar undir frekari lengingu á ferðatímabilinu. Í því ljósi verður þessi spurning um aðgang að náttúruperlum að vera hluti af heildstæðri stefnumótun til langs tíma.

Þannig verður gjaldtakan vegna náttúrupassa fyrst og fremst notuð til þess að byggja upp og bæta ferðamannastaði og strykja ferðapjónustuna þannig að aðgengi verði betra og öruggara.

### **[Áfram í sókninni]**

Skjótt skipast veður í lofti. Það þekkjum við svo sannarlega úr fortíðinni.

Þannig má hvergi slaka á. Við verðum að halda vöku okkar og gæta á hverjum tíma að stöðu og ímynd á erlendum mörkuðum. Sækja fram þar sem eru að skapast ný tækifæri en jafnframt huga að nærmörkuðum og hvar þarf að sækjast eftir endurbótum á samningaum líkt og við stefnum á með Kanada.

Við verðum áfram að sýna öflugt markaðsstarf í kynningu á Íslandi og okkar sérkennum. Við þurfum að skoða það hvernig megi hámarka afrakstur og ég legg áherslu á að magnið er ekki allt í því sambandi.

Við verðum einnig að gæta vel að mörkuðum fyrir okkar sjávarafurðir þar sem við stöndum fyrir góðum öflugum sjálfbærum sjávarútveg sem veiðir á ábyrgan hátt. Með aukinni samkeppni á hefðbundnum mörkuðum skiptir afar miklu að nýjir markaðir opnast um leið og við göngum ekki svo nærri okkar sjávarútvegi að krafturinn og forskotið hverfi.

Við sjáum einnig að breytingar eru að verða í sjávarútveginum þar sem verðmætaaukningin heldur áfram í gegnum enn vaxandi áherslu á ferskt hráefni. Á stjórnvöldum hvílir um leið sú skylda að gera allt sem í okkar valdi stendur til að tryggja að engar hindranir séu í veginum á mörkuðum fyrir þessa þróun.

Fyrir 20 árum þegar EES samningurinn gekk í gildi sköpuðust þessi tækifæri þar sem t.d. tókst að aflétta nánast öllum tollum á ferskar sjávarafurðir auk þess sem varan getur farið hindranalaust inn á markaðinn vegna þess að við höfum innleitt regluverk ESB á sviði matvælamála. Er þá ótalið hvaða tækifæri samningurinn gaf á öðrum sviðum, s.s. í þjónustuviðskiptum (ferðaþjónusta, frjálssar loftferðir), mennta- og vísindamálum svo dæmi séu nefnd.

Stefna ríkisstjórnarinnar er skýr er kemur að Evrópusambandinu. Við ætlum ekki að verða hluti af ESB og því er EES samningurinn okkar tenging við Evrópumarkaðinn enda ekki annað í boði ef ekki er gengið alla leið. Neikvæð umræða um samninginn breytir ekki stefnu stórvalda varðandi aðild að ESB en getur smám saman grafið undan samningnum. Þeir sem vilja öruggan aðgang að hinum evrópska markaði ættu ekki að taka þátt í þeim leik.

Við höfum það besta úr báðum heimum, frelsi til þess að gera einstaka samninga en einnig að vera hluti af Evrópu sem við svo sannarlega viljum vera.

En lífið er víst meira en saltfiskur þó Salka Valka hafi ef til vill ekki verið á því.

Önnur íslensk matvæli eru einnig í vaxandi sókn á erlendum mörkuðum. Til dæmis landbúnaðurinn, þar hefur tekist vel til í þróun á vörum sem höfða til fjarmarkaða auk þess sem vaxandi áhugi er fyrir hefðbundnum íslenskum landbúnaðarvörum. Þar reynir einnig á stjórnvöld að tryggja góðar aðstæður á mörkuðunum þannig að varan eigi þangað greiða leið. Í því skyni leggjum við nú sérstaka áherslu á að ná samningum við lykiltríki um matvælamál auk þess sem vonir standa til að samningar náist við ESB fyrir lok ársins sem mun enn frekar greiða leiðina fyrir íslenskar vörur á evrópskan markað. Þannig stendur ekkert annað til af hálfu stjórnvalda en að halda áfram öflugum sóknarleik á öllum sviðum.

### **[Hvernig skipuleggjum við liðið?]**

Vinna við markaðssetningu og ímyndaruppbyggingu er ekki spretthlaup þó dæmin sýni að vissulega þurfi stundum að greikka sporið til takast á við óvænt áföll.

Með þetta í huga er nauðsynlegt að við horfum yfir sviðið með reglulegu millibili og leggjum mat á hvort skipuleggja megi liðið betur, hvort leikaðferðin sé nógu árangursrík o.s.frv.

Út frá þessu ákvað ég fyrir nokkru að setja á fót starfshóp til að fara breitt yfir svið markaðssetningar og útflutningsþjónustu. Hefur hópurinn nú skilað mér minnisblaði þar sem leitast er við að greina ákveðin meginstef til framtíðar og benda á helstu veikleika sem hópurinn telur blasa við. Er ég afar ánægður með þá breiðu samstöðu sem er í hópnum milli stjórnvalda og fulltrúa atvinnulífsins að baki þessum atriðum.

Hópurinn leggur áherslu á mikilvægi þess að sett verði niður langtímastefnumótun fyrir útflutningsþjónustu og ímyndaruppbyggingu,

nauðsynlegt sé að skýra stöðu Íslandsstofu og styrkja starf hennar, efla enn frekar samstarf utanríkisþjónustunnar og Íslandsstofu. Jafnframt er bent á að skipulag þessara mála kunnir enn að vera of flókið og kröftum of víða dreift. Þetta eru nokkur þeirra atriða sem hópurinn nefnir.

Ég tel afar mikilvægt að úr þessum atriðum verði unnið frekar og hef því falið hópnum að halda áfram sínu starfi og skila mér með haustinu áætlun um hvernig megji taka á þeim þáttum sem tilgreindir hafa verið.

### **[Hvar liggja sóknarfærin?]**

Ég tel að okkur sé öllum hollt að staldra af og til við og meta aðstæður og hverju við höfum áorkað.

Ég heimsótti Úkraínu nýverið. Atburðir þar færa okkur enn á ný heim sanninn um hvað staða ríkja getur verið hverful og mikilvægt að vera óháður öðrum um helstu nauðsynjar.

Við erum eftir allt saman ekki fleiri en smáborg á meginlandi Evrópu en með ótrúlegri útsjónarsemi, seiglu og dugnaði hefur okkur tekist að byggja upp þjóðfélag sem er meðal þeirra fremstu í heimi. Við stundum gríðarlega verðmætasköpun sem grunn alls þessa. Handan við hornið sýnist svo vera enn frekari verðmætasköpun úr okkar auðlindum og hátækni. Að því þarf að hlúa og búa svo um hnúta að þau verðmæti eigi greiða leið á erlenda markaði og að Ísland sé opið fyrir erlendri fjárfestingu. Meðan jafnframt er hugað að varðveislu náttúrunnar fyrir framtíðar kynslóðir.

Við þær aðstæður sem nú eru uppi er vert að hafa hugfast að allt frá lýðveldistofnun hefur okkur tekist að byggja upp velferðarsamfélag sem byggir velsæld sína á greiðum milliríkjavíðskiptum. Ísland er meðal þeirra ríkja sem er hvað háðast útflutningi. Það kallar á það að við skipum okkur í sveit þeirra sem

vilja opið og alþjóðavætt heimshagkerfi. Það höfum við gert með þátttöku okkar í norrænu samstarfi, Alþjóðaviðskiptastofnuninni og síðast en ekki síst EFTA og síðar EES samstarfinu. Við búum vel og stefnum að því að svo verði áfram. Það næst aðeins með miklum metnaði okkar sjálfra fyrir Íslandi og framtíðinni.

Það er mikilvægt þrátt fyrir allt að engin missi sjónar af mikilvægi EES og EFTA samninganna. Þeir skapa góðar aðstæður svo við getum haldið áfram að auka okkar verðmætasköpun og efla útflutning. Þessu til stuðnings koma svo ört vaxandi fjöldi fríverslunarsamninga sem breikka markaðsflórana fyrir íslenskt atvinnulíf á fjærmörkuðum. Þegar allt er talið höfum við nú t.d. fríverslunarsamninga við hátt í 70 ríki og eigum von á að þeim fjölgi enn.

Það er um þetta sem sú hagsmunagreining sem ég hef boðað um EES samninginn mun snúast. Henni er ætlað að draga fram hina viðskiptalegu hagsmuni og mikilvægi samningsins fyrir okkar efnahagslíf í breiðasta skilningi. Hvað hefur samningurinn gert fyrir sjávarútveginn, ferðaþjónustuna, launþegana, þjónustufyrirtækin, hugverkaiðnaðinn o.s.frv.?

Mun ég á næstu dögum leita samstarfs við aðila vinnumarkaðarins um vinnslu þessarar greiningar og vonast eftir góðum viðbrögðum. Hér skal og minnt á það að við fylgjumst grannt með viðskiptaviðræðum ESB og Bandaríkjanna sem á endanum kunna að hafa áhrif á okkar stöðu. Á ég von á að leggja fram hagsmunagreiningu í því efni innan tíðar.

### **[Að lokum]**

Ágætu félagar,

Ríkisstjórnin hefur skapað jákvæðara umhverfi með breyttri skattstefnu og skapað betri rekstarskilyrði fyrir atvinnulífið í landinu. Þrátt fyrir það eru áskoranir framundan í okkar efnahagslífi sem við þurfum að sigrast á. Það eru

alltaf áskoranir. Ég er sannfærður um að með þær að baki munu enn frekari tækifæri skapast hér á landi til sóknar á erlenda markaði.

Við þurfum að standa þétt saman og ef eitthvað er styrkja og efla samvinnu atvinnulífs og stjórnvalda. Þannig þarf stilla fókussinn, þetta raðirnar og nýta samræmda krafta og fjármuni því þannig tel ég að við náum enn betri árangri.

Ég get fullvissað ykkur um að það mun ekki standa á þeim sem hér stendur að leggjast á áramnar með ykkur ásamt mínu fólki til að tryggja að áfram sé siglt í þeim góða byr sem nú fer um íslenskt efnahagslíf á nýjan leik. Í þeim aðstæðum höfum við sameiginleg verk að vinna.